



491. fundur stjórnar SASS

Símafundur haldinn

mánudaginn 16. febrúar 2015 kl. 11.00

Pátttakendur voru: Gunnar Þorgeirsson formaður, Páll Marvin Jónsson, Elín Einarsdóttir, Unnur Þormóðsdóttir, Sæmundur Helgason, Ágúst Sigurðsson og Sandra Dís Hafþórsdóttir. Anna Björg Níelsdóttir og Eggert Valur Guðmundsson boðuðu forföll. Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, tók einnig þátt og ritaði jafnframt fundargerð.

Formaður setti fundinn kl. 11:00 og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

- 1. Ályktun stjórnar SASS um frumvarp til laga um náttúrupassa, 455. mál.**
Fyrir fundinum lágu drög að ályktun um framkomið frumvarp um náttúrupassa. Fundarmenn voru sammála um að í ályktuninni þyrftu eftirfarandi atriði að koma fram: að gjaldtaka væri nauðsynleg, tryggja þyrfti að innheimtir fjármunir skili sér til uppbyggingar á ferðamannstöðum og það valdi vonbrigðum að á því tæpa ári sem liðið er síðan málið var síðast til efnislegrar meðferðar hafi ekki meira áunnist. Framkvæmdastjóra falið að uppfæra drögin og senda ný í tölvupósti á stjórnarmenn til samþykktar.
- 2. Umsögn stjórnar SASS um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 244. mál.**
Fyrir fundinum lágu drög að umsögn um framkomið frumvarp um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Umsögnin var samþykkt með orðalagsbreytingu.
- 3. Umsögn stjórnar SASS um frumvarp til laga um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum, 512. mál.**
Fyrir fundinum lágu drög að umsögn sem var samþykkt.
- 4. Umsögn stjórnar SASS um frumvarp til laga um vatnamál, 511. mál.**
Framkvæmdastjóra falið að gera drög að umsögn og hún yrði síðan send á fundarmenn í tölvupósti til samþykktar.
- 5. Önnur mál til kynningar.**
 - a) Skaftárhreppur til framtíðar.**
Framkvæmdarstjóri kynnti að Eirný Valsdóttir hefði verið ráðin sem verkefnastjóri Brothættra byggða í Skaftárhreppi.

Fundi slitið kl. 11.30

Gunnar Þorgeirsson
Elín Einarsdóttir
Sæmundur Helgason
Ágúst Sigurðsson
Páll Marvin Jónsson
Sandra Dís Hafþórsdóttir
Unnur Þormóðsdóttir
Bjarni Guðmundsson